

Virðing - Metnaður - Samvinna - Gleði

Inngangur

Íþrótt- og tómstundastarf er ein af grunnþörfum hvers samfélags. Starfsemin er ekki lögbundin en framboð, metnaður og kraftur í íþrótt- og tómstundastarfi er eitt af því sem fólk tekur mið af þegar það ákveður búsetu. Það er því mikilvægt að þessi þjónusta sé til fyrirmyndar og vill Ísafjarðarbær skapa aðstæður þar sem fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf getur þrífist. Ísafjarðarbær rekur nú fjórar félagsmiðstöðvar og kemur að rekstri tveggja tónlistarskóla.

Sveitarfélagið hefur í rúman áratug verið í miklu og góðu samstafi við Héraðssamband Vestfirðinga og í gildi er samstarfssamningur við sambandið, samningur sem önnur sveitarfélög og héraðssambönd horfa til með aðdáun. Inni í honum er góður stuðningur við íþróttaskóli HSV sem sannað hefur gildi sitt og mikilvægt er að hlúa vel að því góða starfi sem þar fer fram.

Ferlið

Endurskoðun íþrótt- og tómstundastefnu hófst í lok árs 2016 með rýni nefndarmann á gildandi stefnu. Nefndin hélt einn vinnufund og fundaði með ungmennaráði Ísafjarðarbæjar auk þess sem málið var unnið á almennum nefndarfundum. Hausti 2017 var ákveðið að fresta vinnunni en hún fór aftur á fullt hausti 2018, þá með nýjum nefndarmönnum. Lögð var áhersla á að leggja mikinn kraft í verkið og voru haldnir fjórir opnir íbúafundir. Fundirnir gegnu vel í alla staði og hefur íþrótt- og tómstundanevnd unnið úr niðurstöðum fundanna og er útkoman að líta hér dagsins ljós.

• Íþróttastarf barna og unglinga

Mikilvægt er að börn fái að taka þátt í íþróttum- og tómstundastarfi á sínum forsendum og læri að fagna sigrum og ósigrum. Hlusta þarf á unga fólknið og þarfir þeirra og leyfa rödd þeirra að heyrast. Þegar um íþróttir og tómstundir barna og ungmenna ræðir er mikilvægt að gott samstarf sé á milli íþróttafélaga og þeirra sem sjá um tómstundastarf og skóla. Mikilvægt er að leita allra leiða til að fjölga ferðum milli bæjarkjarna og auka þannig aðgengi ungmenna að íþrótt- og tómstundastarfi í öðrum byggðum sveitarfélagsins.

Stefna: Allir iðkendur íþrótt- og tómstundastarfs í Ísafjarðarbæ eiga að vera jafnir óháð kyni, uppruna og/eða aldri. Hafa þarf að leiðarljósi að íþróttaiðkun byggir á mannrækt og heilsuefningu. Mikilvægt er að þjálfarar skrifi undir starfs- og siðareglur og leggi áherslu á virðingu og gleði í öllu starfi með börnum og foreldrum. Börn, foreldrar, þjálfarar og aðrir þurfa að sýna virðingu í samskiptum, vinna saman að því að útrýma einelti og sýna heilbrigðan metnað í keppnisferðum og þjálfun.

Markmið: Að öll börn hafi jafnan aðgang að íþróttum og tómstundum í sveitarfélaginu.

Leiðir:

- Frístundarúta nái til allra byggðarkjarna
- Átak í að ná til barna og foreldra af erlendum uppruna í formi fræðslu og upplýsinga
- Efla samstarf skóla og íþróttar
- Áframhaldandi samstarfssamningur milli Ísafjarðarbæjar og HSV
- Lökendum sé búið öruggt umhverfi við íþróttaiðkun sína
- Stuðla að samstarfi við háskólana sem snúa að rannsóknum varðandi íþróttar og tómstundastarf á svæðinu

Ábyrgð:

Íþróttar- og tómstundanefnd

Bæjarráð

HSV

Mat:

• Lýðheilsa

Ísafjarðarbær er heilsueflandi samfélag og mikilvægt að í almenningsíþróttum sé heilbrigði haft að leiðarljósi í öllu starfi. Hugað verði að gerð fleiri göngustíga/hjólástíga. Íbúar Ísafjarðarbæjar verði hvattir til að vera virkir í heilsueflingu.

Hvetja þarf börn og ungmenni til að taka þátt í íþróttar- og tómstundastarfi. Mikilvægt er að börn, foreldrar og þjálfarar hvetji til heilbrigðs lífsstíls, meðal annars með því að vera góðar fyrirmyndir. Gildi íþróttar, lista, tómstunda og holls lífsstíls hefur margsannað sig í forvarnarstarfi.

Stefna: Hreyfing er mikilvæg forvörn til að viðhalda heilsu. Stefnt að því að íbúar hafi fjölbreytt tækifæri til hreyfingar. Sveitarfélagið er í hópi Heilsueflandi samfélaga og farið hefur verið út í ýmis heilsutengd átaksverkefni.

Markmið: Ísafjarðarbær verði í forystu íþróttar- og útivistar á landsvísu – íþróttar og útivistarþæringin Ísafjarðarbær. Efla forvarnir innan sveitarfélagsins.

Leiðir:

- Gott aðgengi að íþróttamannvirkjum

- Fjölga göngu- og hjólastígum/leiðum
- Fræðsla um forvarnir fyrir íbúa
- Tómstundafulltrúi fyrir eldri borgara
- Útihreystitæki aðgengileg í öllum byggðakjörnum
- Heildstæð hönnun skíðasvæðisins með heilsársnotkun í huga
- Tunguskógur verði samverustaður fjölskyldna með fjölbreyttum afþreyingarmöguleikum
- Langtímaúrræði fyrir líkamsrækt og sund

Ábyrgð:

Ípróttá- og tómstundanefnd

Skólayfirvöld

Bæjarráð

HSV

Mat:

• Æskulýðs- og tómstundastarf

Mikilvægt er að tómstundastarf í Ísafjarðarbæ sé áhugavert, fjölbreytt og sýnilegt. Tryggja gott aðgengi að upplýsingum um ípróttá- og tómstundastarf í sveitarfélaginu. Mikilvægt er að hafa öflugan heimasíðu með upplýsingum um ípróttá- og tómstundastarf. Vera með góða kynningu á ípróttá- og tómstundastarfi.

Stefna: Tímstundastarf í Ísafjarðarbæ verði áfram í fremstu röð, félagsmiðstöðvar starfi í öllum skólahverfum og Ísafjarðarbær styðji við félagasamtök eftir fremsta megni.

Markmið: Öflug æskulýðs- og tímstundastarf fyrir alla aldurshópa

Leiðir

- Fjölbreytt félagsstarf unglunga og að allir geti sótt það
- Öflugt starf félagsmiðstöðva
- Jafnt aðgengi óháð búsetu að æskulýðs- og tímstundastarfi
- Öflugur vinnuskóli með fjölbreytt störf og tengingu við atvinnulífið
- Hvetja til samræmingar á afþreyingu barna yfir sumartímann
- Styðja við ungliðastarf björgunarsveita

Mat:

Ábyrgð:

Íþróttá- og tómstundanevnd

Skóla- og tómstundasvið

Bæjarráð

HSV

• Keppnisíþróttir og afreksfólk

Mikilvægar fyrirmyndir fyrir önnur börn til að stunda íþróttir

Stefna: Styðja við einstaklinga og hópa til að ná eins langt í sinni íþrótt eins og kostur er

Markmið: Að aðstaða til íþróttaiðkunar verði það góð að hún styðji við afreksfólk til áframhaldandi afreka

Leiðir:

- Að sveitarfélagið komi til móts við afreksfólk með sumarvinnu
- Áframhaldandi styrkir til afreksfólks í gegnum samstarfssamning HSV
- Að íþróttaaðstaða taki mið af afreksíþróttum
- Áframhaldandi styrktarsjóður vegna menntunar þjálfara í gegnum samstarfssamning við HSV
- Setja þjálfurum og sjálfboðaliðum siðareglur í tengslum við æfingar og keppni (ath barna og unglíngastarf líka)

Ábyrgð:

Áframhaldandi samstarf HSV og Ísafjarðarbæjar, (skoða reglur afrekssjóðs v ferðastyrks)

Mat:

Íþróttá- og tómstundanevnd

Bæjarráð

HSV

Er það sem er hér fyrir neðan ekki örugglega allt komið inn í stefnuna?

Ísafjörður

Samfellt tómstundastarf fyrir öll börn vetur og sumar.

- Auka starfshlutfall starfsmanna félagsmiðstöðva/tómstundastarfi
- Opna félagsmiðstöð fyrir fleiri aldurshópa
- Jafna aðgengi t.d. með tómstundarútu
- Framlengja og efla samning við HSV
- Vinnuskólinn – auka fjölbreytni starfa og tengja við atvinnulífið
- Setja upp skipulag fyrir sumarstarf ala Skagafjörður Sumartím 1.-7. bekkur.

Uppbygging íþrótt- og tómsundamannvirkja.

- Heildstæð hönnun skíðasvæðis
- Þarfagreining á húsnæði og þjónustu fyrir líkamsrækt
- Heilsuefling eldri borgara með markvissu prógrammi í líkamsrækt
- Uppbygging aðstöðu þ.m.t. sundlaug, frjálssar íþróttir, bolta
- Æfingaaðstaða fyrir ungt fólk í list: t.d. tónlist, leiklist, myndlist.

Fjölbreytt hreyfing (afþreying) fyrir alla

- Áfarmhaldandi uppbygging göngu- og hjólastíga
- Tómsundafulltrúi fyrir eldri borgara
- Uppbygging aðstöðu: skíðasvæði, sundlaug, fjölnotaíþróttahús
- Önnur afþreying (aðstaða) klifurveggur, ramp + námskeið
- Efla ungliðastarf björgunarsveita

Jafnræði óháð búsetu

Torfnessvæðið

Tungudalur/Seljalandsdalur/Hnífar fólkvangur

Fjölga akstursleiðum frístundarútu þannig að ferðir verði tryggðar milli alla þéttbýliskjarna á norðanverðum Vestfjörðum.

Skoða Möguleika á samþættingu almenningsamgangna, frístundarútu og samgöngumáta.

Ljúka framtíðarskipulagi á Torfnesi fyrir vor 2019

Að í einni framkvæmd verði farið í að reisa fjölnota knattspyrnuhús, gervigras á aðalvöll og útikörfuboltavöll á Torfnesi. Tryggt fjármagn frá sveitarfélagi þannig að framkvæmdir hefjist sumarið 2019.

Að framtíðarskipulag Tungudals/Seljalandsdals og Hnífa verði klárað og kannaðir möguleika á Fólkvangi skv. Náttúrverndarlaga.

Tómstundir eldri borgara.

Besta heilsárs útivistarsvæði landsins

- Tunguskógur verði aðal samverustaður fjölskyldna – leiktæki, grill, göngustígar og hreystitæki
- Heildar skipulag núverandi útivistarsvæða
- Fjölgun göngu og hjólastíga í Ísafjarðarbæ
- Gera skíðasvæðið betra fyrir byrjendur og auka fjölbreytileikan
- Tengja útivistarsvæðin betur saman til heilsárs nota, t.a.m með stólalyftu.

Allir eiga jafnan aðgang að ípróttu- og tómstundastarfi í Ísafjarðarbæ.

- Frístundarúta sem gengur í alla byggðakjarna og öll ípróttamannvirki
- Tryggja áfram samstarfsemi ípróttaskóla HSV
- Átak í að ná til erlendra barna og foreldra í formi fræðslu og upplýsinga
- Lækka kostnað við þátttöku í tómstundum
- Aukin afþreying eldri borgara

Fjölgun leikskvæða

- Hreystibraut
- Fjölga leikvöllum í sveitarfélaginu
- Setja upp klifurvöll
- Braut fyrir hjól, hjólabretti og laupahjól

Að allt að 90% eða yfir 90% séu í skipulögðu ípróttu- og tómstundastarfi.

- Tómstundakort upp að 14 ára aldri
- Aukinn stuðningur v/ félagslegra aðstæðna.
- Sérstök kynning á ípr. Og tómstundastarfi fyrir nýbúa.
- Auka samstarf skóla og ípróttu.

Auka fjölda afreksmanna í Ísafjarðarbæ.

- Bætt aðstaða til ípróttaiðkunar
- Vel menntaðir þjálfarar.
- Styrkja afreksbraut MÍ
-

Draga úr notkun vímuefna og annarra ávanabindandi efna marktækt.

- Aukin fræðsla, jafningja fræðsla

Ísafjarðarbær verði höfuðvígi (ból) ípróttu- og útivista á landsvísu – ípróttu og útivistabærinn

- Þjóða betur en aðrir, skapa sérstöðu

Auka fjölbreytni í útivist/hreyfingu fyrir alla aldurshópa – golf, hjólreiðar, skotíþróttir, reiðhöll, skeiðvöllur

Langtímaúrræði fyrir líkamsrækt og sund

- Skipuleggja Torfnæs – finna langtíma húsnæði fyrir líkamsrækt

Bæta aðstöðu til knattspyrnu iðkunnar

- Knattspyrnuhús, gervigras á aðalvöllinn, klára stúkuna

Dalirnir verði fjórir – hönnun útivistaraðstöðu

- Færa skíðasvæðið, færiband fyrir byrjendur alpasvæðis, byrjendasvæði í göngu á Eiríkismýri.

Heilsuefandi aðgerðir í umhverfinu

- Útihreystitæki, gönguleiðir- app f. Kort, fá styrktaraðila

Aukin tækifæri fyrir heldri borgara í íþróttá- og tómstundastarfi

- Tómsfundafulltrúi

Efling á öllu sem tengist sjósporti

- Efla Sæfara